

Samræmt gæðakerfi vegna nemenda og kennslu

Forsendur:

Tillaga hópsins er unnin á grundvelli stefnuskjals um opinbera háskóla þar sem segir meðal annars (í kafla 2): *Eitt gæðakerfi og samræmt gæðamat gildir fyrir alla skólana í háskólanetinu.* Einnig er byggt á ákvæðum í lögum um háskóla frá 2006 þar sem fjallað er um innra gæðastarf háskóla og eftirlit með gæðum kennslu (11.-12. gr.) og útfærslu þeirra á vettvangi hvers háskóla fyrir sig.

Hugtakið „gæðakerfi“ er notað hér bæði í merkingunni eftirlit með gæðum og trygging gæða (quality assurance) og í merkingunni stöðugar umbætur og gæðamenning (quality enhancement/quality culture).

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að einn megintilgangur þeirrar samræmingar sem hér er mælt með er að skapa forsendur fyrir raunverulegu samstarfi í kennslu. Á grunni samræmds ramma skólastarfs og samninga um framtíðarsamstarf skólanna þurfa fræðasvið og deildir að greina mögulega snertifleti námsleiða og námskeiða og útfæra samvinnu skólanna um nám og námsframboð. Slíkt samstarf gæti falið í sér allt frá samkennslu einstakra námskeiða (hugsanlega í fjarkennslu) og yfir í sameiginlegar námsleiðir og prófgráður (joint-degrees).

Vinnuhópurinn byggir á þeirri forsendu að opinberu háskólarnir verði áfram sjálfstæðar stofnanir sem þó starfi náið saman. Tillagan sem hér er lögð fram gæti orðið grundvöllur að einum kafla í samningi milli skólanna um framtíðarfyrirkomulag samstarfsins. Hún felur í sér að stefnt skuli að góðri samvinnu um nám og kennslu, samræmdu gæðakerfi og að háskólarnir skuldbindi sig (með samningi) til að viðkomandi reglur (þ.m.t. verklagsreglur) þeirra séu í takt við reglur annarra opinberra háskóla. Þessi leið er lögformlega einföld, tekur mið af séraðstæðum og tryggir að sjálfstæði hvers háskóla sé virt. Til að tryggja eftirfylgni með framkvæmdinni er lagt til að sett verði á laggirnar sameiginleg nefnd eða vinnuhópur í umboði verkefnisstjórnar sem hafi umsjón með framkvæmd og þróun samninganna (sjá nánar hér á eftir).

Miðað verði við að samvinna um nám og kennslu á grunni samhæfingar og samræmingar þeirra þátta sem hér er gerð tillaga um geti komið til framkvæmdar frá og með háskólaárinu 2012-2013.

Tillagan nær til sex þátta er varða gæðastarfið, en sjöundi liðurinn fjallar um fyrirkomulag við umgjörð samstarfsins og eftirfylgni:

1. **Rammi um samræmt skólastarf:** Lagt er til að skólarnir samræmi ýmsa þætti tengda framkvæmd skólastarfsins og regluverki sem snýr að nemendum. Markmiðið með þessari samræmingu er að auka möguleika nemenda á að fara á milli háskóla og að tryggja jafnræði milli nemenda í öllum opinberu háskólunum. Eftirfarandi eru áhersluatriði:
 - a. **Skólastarf:** Skólarnir samræmi kennslualmanak (lykildagsetningar), umsóknafresti, greiðslufresti skráningargjalda, umsóknaferla (með sameiginlegri vefsíðu/vefgátt) og

- gjaldskrár. Einnig að komið verði á samræmdri eða jafnvel sameiginlegri próftöflugerð eftir því sem kostur er (að því gefnu að öll gögn séu rafræn og í aðgengilegum gagnagrunnum).
- b. **Regluverk:** Lagt er til að samræmdar verði reglur um einkunnaskil, reglur um endurinnritun, reglur um endurtekningu prófa og upptökupróf, reglur um sjúkrapróf, viðmið um námsmat, einingamat og fleira.
 - c. **Gestanemendur:** Lagt er til að skólarnir þróa samræmt verklag varðandi gestanemendur, þ.e. þegar nemendur eins skóla óska eftir að taka einstök námskeið við annan skóla. Markmiðið er að bæta nýtingu námskeiða við alla skólana með því að gera nemendum auðveldara að fara á milli.
2. **Inntökukröfur og ferli við innritun:** Vinnuhópurinn telur æskilegt að samræma kröfur um undirbúning nemenda, reglur sem gilda um inntöku í grunnnám og framhaldsnám og fleiri þætti sem lúta að innritun og skráningu nemenda. Eftirfarandi þrjú þættir eru áhersluatriði:
- a. **Reglur um inntöku:** Samhæfa þarf ákvæði í reglum háskólanna og útbúa vandaðar og samræmdar verklagsreglur sem háskólaráð allra háskólanna staðfesti. Þetta gildir til dæmis um inntökukröfur, notkun inntökuprófa, meðhöndlun á undanþágum frá formlegum inntökuskilyrðum við inntöku í grunnnám (t.d. hversu mörgum einingum í framhaldsskóla skal vera lokið að lágmarki og hversu margar undanþágur megi vera ef því er að skipta), og fastmóta reglur einstakra deilda um viðbótarkröfur. Markmiðið með slíkri samhæfingu er að auka möguleika nemenda á að fara á milli skólanna.
 - b. **Meðhöndlun umsókna:** Samræma þarf umsóknarfresti, umsóknarferli og úrvinnslu umsókna, auk vinnslu tölfræði um umsóknir og inntöku. Mikilvæg forsenda fyrir þessu er að allir skólarnir taki á móti umsóknum í samræmdu rafrænu umhverfi. Enn fremur er æskilegt að notuð sé ein umsóknargátt, þar sem reglur og ferli eru kynnt á samræmdan hátt.
 - c. **Kennsluskrár:** Samræma þarf framsetningu, þ.e. kynningu, á námsframboði í kennsluskrám háskólanna, þ.e. námsleiðum og námskeiðum, til að gera nemendum auðveldara að færa sig á milli skóla eða samnýta námskeið.
3. **Stofnun/samþykkt nýrra námsleiða (e. programme, þ.e. ný námsleið í tiltekinni fræðigrein):** Verklagsreglur um stofnun nýrra námsleiða eru nú þegar til við HÍ og samræmi er milli þeirra og reglna og gátlista í HA sem þó eru ekki eins ítarlegir. Tillagan er eftirfarandi:
- a. **Stofnun námsleiða:** Lagt er til að samskonar verklagsreglur um stofnun nýrra námsleiða verði teknar upp fyrir alla háskólana. Forsenda fyrir því er að skólarnir samræmi hugtakanotkun sína, til dæmis varðandi hugtök svo sem námsleið, námsbraut, prófgráða, fjarnám o.s.frv.
4. **Reglubundið mat á kennslu:** Til að auka gæði í háskólastarfinu í heild er lagt til að skólarnir samræmi vinnubrögð við mat á kennsluframlagi kennara, með áherslu á eftirfarandi atriði:

- a. **Kennslukannanir:** Vandaðar verklagsreglur um kennslukönnun eru nú þegar til við HÍ og samræmi er milli þeirra og gildandi verklags við HA. Æskilegt er að sambærilegar verklagsreglurnar gildi við alla háskólana, og að samnýtt sé þekking við þróun og próffræðilega greiningu spurninga. Æskilegt er að allir skólarnir noti sams konar upplýsingakerfi, skrái námskeið og kennara í það á sama hátt og framkvæmi kennslumatið með rafrænum hætti gegnum upplýsingakerfið.
 - b. **Kennsluferilskrár:** Vinnuhópurinn telur að kennsla og rannsóknir skuli ávallt njóta sama forgangs í starfi akademískra starfsmanna, en forsenda þess er að kennsla sé metin ekki síður en rannsóknir. Grundvöllur þess að hægt sé að meta framlag akademískra starfsmanna til kennslu er að kennsluferilskrár séu haldnar. Lagt er til að allir skólarnir taki upp samræmdar kennsluferilskrár og miðað verði við vinnulag sem verið er að þróa innan HÍ.
 - c. **Starfsmannasamtöl:** Starfsmannasamtöl eru mikilvægur hluti af gæðakerfi kennslu þar sem þar gefst tækifæri til að fara yfir árangur einstaklingsins og ræða um markmið í framhaldinu, en hvort tveggja eykur líkur á enn betri árangri í kjölfarið. Lagt er til að skólarnir hafi með sér samráð um form og fyrirkomulag starfsmannasamtala, stuðning við stjórnendur og þjálfun stjórnenda í framkvæmd starfsmannasamtala.
5. **Umbótastarf í kennslu:** Á sviði umbótastarfs í kennslu er ekki mikið um formlegar reglur, enda æskilegt að hefðir og aðstæður við hvern háskóla ráði nokkru. Hins vegar krefst umbótastarf í kennslu þess að við háskóla starfi öflug stoðeining þar sem fyrir hendi er sérfræðiþekking á kennslufræði háskóla. Eftirfarandi er tillaga vinnuhópsins á sviði umbótastarfs í kennslu:
- a. **Kennslumiðstöð:** Kennslumiðstöð við HÍ annast námskeiðahald og stuðning við kennara, auk þess að semja handbækur og fleiri rafræn gögn. Lagt er til að Kennslumiðstöðin verði eflað og að þjónustan sem hún veitir verði skipulögð á forsendum samstarfs opinberu háskólanna, þannig að allir skólarnir eigi aðild að kennslumiðstöðinni og jafnt aðgengi að þjónustu hennar. Þetta verði m.a. tryggt með reglubundinni viðveru starfsmanna og sýnileika á öllum stöðunum fjórum.
 - i. Efling kennslumiðstöðvar ætti að taka sérstakt mið af þörfum skólanna fyrir stuðning við fjarnám, enda miklar líkur á að fjarnám milli skólanna fjögurra aukist í tengslum við samstarfið. Við þetta er mikilvægt að nýta þá þekkingu og sérhæfingu sem nú þegar hefur myndast á sviði fjarnáms, ekki síst við Háskólann á Akureyri og Menntavísindasvið HÍ.
 - ii. Kennslumiðstöð ætti einnig að annast gerð handbóka fyrir kennara og að gera þær aðgengilegar á sameiginlegum vef.
 - b. **Þjálfun kennara:** Lagt er til að skólarnir sammælist um að gera þá kröfu til allra fastra akademískra starfsmanna sem sinna kennslu að þeir sækji með reglulegu millibili námskeið um kennsluhætti, eða sækji sér á annan hátt þekkingu og færni í kennslu. Kennarar skuli gera grein fyrir þessu í kennsluferilskrá sinni, og verði þetta ein forsendan

fyrir árlegri úthlutun stiga fyrir kennslu.

6. **Aðkoma nemenda að gæðastarfi, fræðsla og aðstoð við nemendur:** Þátttaka nemenda í gæðastarfi og stuðningur við þá er mikilvægur þáttur í gæðum kennslu. Eftirfarandi er tillaga hópsins á þessu sviði:
 - a. **Gæðastarf:** Æskilegt er að skólarnir fjórir samræmi almenn viðmið um aðkomu nemenda að gæðastarfi, með hliðsjón af ákvæðum í gildandi reglum skólanna.
 - b. **Kvartanir:** Lagt er til að skólarnir deili með sér ferlum og viðmiðum um boðleiðir fyrir kvartanir nemenda og samræmi meðhöndlun þeirra.
 - c. **Fræðsla:** Æskilegt er að skólarnir veiti nemendum sínum sambærilegan stuðning í þessu efni, t.d. hvað varðar fræðslu um innviði og regluverk stofnunarinnar.
 - d. **Námsráðgjöf:** Lagt er til að liður í samstarfi opinberu háskólanna verði efling á faglegu samstarfi á sviði náms- og starfsráðgjafar.
7. **Skipulag og rekstur samstarfs um gæðamál kennslu til framtíðar:** Samstarf af þessu tagi krefst langtíma skuldbindingar, eftirfylgni og skýrrar ábyrgðar. Eftirfarandi er tillaga um fyrirkomulag þessarar eftirfylgni:
 - a. **Kennslumálanefnd:** Vinnuhópurinn leggur til að sett verði á laggirnar sameiginleg kennslumálanefnd (eða samráðsnefnd um kennslumál) háskólanna fjögurra sem hafi það hlutverk að tryggja samræmi í gæðastarfi á þessu sviði, vera vettvangur frumkvæðis og samráðs um bættu kennsluhætti og þróa áfram sameiginleg viðmið og aðferðir. Þessi nefnd verði skipuð fulltrúum þeirra aðila sem bera ábyrgð á kennslu í skólunum fjórum (kennslunefndir, kennslumálanefndir, kennslusvið og/eða gæðastjórar), til að tryggja beina tengingu inn í starf hvers skóla.
 - b. **Miðstöð framhaldsnáms:** Lagt er til að Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands efni til samstarfs við hina opinberu háskólana um eftirlit með viðmiðum og gæðum meistara- og doktorsnáms, eftir því sem við á.

Skjal þetta er að uppistöðu tillaga vinnuhóps sem skilaði af sér í nóvember 2010 og var samþykkt í núverandi formi af *Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna* 17. janúar 2011.